

Kópavogsbær / Reykjavíkurborg

Reykjavíkflugvelli, 6. september 2023
2307032/SBJ

Umsögn um breytingu á deiliskipulagi - brú yfir Fossvog

Vísað er til kynningar á skipulagsgatt.is þar sem kynnt er tillaga að deiliskipulagsbreytingu. Mál nr. 427/2023 á skipulagsgatt.is .

Isavia hefur farið yfir fyrirbyggjandi gögn og vekur athygli á eftirfarandi:

Félagið vill benda á að í tillögunni er leiðbeinandi staðsetning á áningarstað beint í línu við flugbrautarenda. Á svæði við flugbrautarenda er aukin hættu á þotublæstri (jet-blast) sem gæti valdið óþægindum á áningarstaðnum.

Félagið vekur athygli á því að á því svæði sem deiliskipulagið nær yfir gilda skipulagsreglur Reykjavíkflugvallar sem m.a. setja hæðartakmarkanir á umhverfi Reykjavíkflugvallar. Æskilegt er að mati félagsins að bæði hindranafletir og hæðartakmarkanir sem á svæðinu gilda séu sýndar á deiliskipulagsuppdætti og þeirra getið á skýran hátt í texta skipulagsins og að tilfærsla brúarinnar nær flugbrautarmiðju hefur í sér aukna hættu á ljósmengun.

Vakin er athygli á því að hæðartakmarkanir skipulagsreglna kunna að hafa áhrif á vinnu á byggingartíma brúarinnar. Nauðsynlegt er að mjög gott samráð sé við Isavia um vinnu á svæðinu þar sem tæki sem notuð eru t.d. við uppsetningu eða reisingu brúar, undirstaða og annars kunna að fara upp í hindranaflöt og skapa hættu gagnvart flugumferð á svæðinu. Vakin er athygli á því að sækja þarf um leyfi fyrir öllum tækjum og búnaði sem ætlunin er eða hætta á að fari upp fyrir hindranaflötinn.

Virðingarfyllt,
f.h. Isavia Innanlandsflugvalla ehf.

Sigrún Jakobsdóttir

Afrit: Samgöngustofa